

5. bekkur náttúrugreinar

Kennarar: Kristín Kría Birgisdóttir; Lára Thors

Lýsing

Undir náttúrugreinar í grunnskóla heyra m.a. náttúrufræði, eðlisvísindi, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt. Námið fléttar saman efnisþætti náttúrugreina og viðmið sem varða eflingu ábyrgðar á umhverfinu, vinnubrögð og gildi náttúrugreina, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar og getu til aðgerða. Unnið verður eftir hæfniviðmiðum fyrir 5.-7. bekk í aðalnámskrá grunnskóla, 2013. Á grundvelli þeirra hæfniviðmiða eru kennsluaðferðir, námsefni og matsaðferðir valdar.

Markmið

Í lok 5. bekkjar eiga nemendur að geta t.d. þekkt helstu ættbálka fugla og útlitseinkenni þeirra, gert sér grein fyrir mikilvægi flokkunar úrgangs og samspili náttúru og manna. Þeir eiga að geta framkvæmt og útskýrt einfaldar tilraunir og sett fram og rætt niðurstöður þeirra á skýran og skipulegan hátt. Útskýrt texta um náttúruvísindi sér til gagns og fjallað um þekktar tækninýjungar eða vísindauppgötvanir. Þeir eiga einnig að geta nýtt sér upplýsingar úr bókum og leitarsíðum og iðkað sjálfstæð vinnubrögð.

Námsefni

Bækurnar Líf á landi, Auðvitað - á ferð og flugi og valdir kaflar úr Ísland - veröld til að njóta. Einnig verða notuð ýmis verkefni af vef og frá kennurum.

Kennsluaðferðir

Innlögn, hópa- og einstaklingsvinna, leitaraðferðir, útikennsla auk þess sem lögð verður áhersla á skapandi verkefni, samþættingu við önnur fög og verkefni tengd daglegu lífi.

Námsmat

Leiðsagnarmat, ritunarverkefni, tilraunir, vinna í tímum og kannanir.

Náttúrugreinar verklag fyrir 5.-7. bekk

- **Hæfnieinkunn (tákn)**
- **Hæfnieinkunn (A-D)**

Náttúrugreinar verklag fyrir 5.-7. bekk - Geta til aðgerða

- Greint þarfir fólks í nánasta umhverfi sínu og tjáð hugmyndir sínar um lausnir.
- Rætt mikilvægi samvinnu í samstilltum aðgerðum sem varða eigið umhverfi.

Náttúrugreinar verklag fyrir 5.-7. bekk - Nýsköpun og hagnýting þekkingar

- Fjallað um þekktar tækninýjungar eða vísindauppgötvanir og áhrif þeirra á atvinnuhætti og mannlíf í heimabyggð, umhverfi og náttúru.

Náttúrugreinar verklag fyrir 5.-7. bekk - Gildi og hlutverk vísinda og tækni

- Lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum.

Náttúrugreinar verklag fyrir 5.-7. bekk - Vinnubrögð og færni

- Framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni.
- Beitt vísindalegum vinnubrögðum við öflun einfaldraupplýsinga innan náttúruvísinda og útskýrt ferlið.
- Hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra.
- Útskýrt texta um náttúruvísindi sér til gagns og farið eftir einföldum, munnlegum og skriflegum leiðbeiningum.
- Kannað áreiðanleika heimilda með því að nota bækur, Netið og aðrar upplýsingaveitur.
- Sett fram og rætt niðurstöður athugana á skýran og skipulegan hátt.

Náttúrugreinar verklag fyrir 5.-7. bekk - Ábyrgð á umhverfinu

- Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði íbúa.
- Lýst dæmum af áhrifum af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð og á Íslandi, sagt frá hugsanlegri þróun í framtíðinni.

- Tekið þátt í að skoða, skilgreina og bæta eigið umhverfi og náttúru.
- Tekið þátt í og sýnt hæfni í samvinnu er lýtur að umbótum í heimabyggð.